

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir smávirkjun austan þjónustusvæðis í Drekgili í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 22. ágúst 2018 tillögu að deiliskipulagi fyrir smávirkjun austan þjónustusvæðis í Drekgili.

Skipulagssvæðið er staðsett rétt austan ferðaþjónustusvæðis við Drekgil. Fyrirhugað er að byggja litla heimarafstöð sem verður staðsett í ánni sem rennur úr Drekgili. Áætluð raforkuframleiðsla er 30 kW á sumrum og 10 kW á veturnum sem er nægjanleg fyrir fjarskiptabúnað og til að hita upp skála í Drekgili.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Mývatnssveit, 17. október 2018.*

**Guðjón Vésteinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2018